

Heimspækilegar samræður

Snemma bjó bóndi einn í Vogum, er sótti mjög sjó, enda er þar enn í dag eitthvert bezta útræði á Suðurlandi.

Hvenær er enn í dag? – sögunum var safnað og þær skráðar kringum árið 1860.

Af hverju búum við þar sem við búum?

Hvað er að vera best?

Bóndi spurði, hvað hann hefði verið að gera, þegar hann hefði ágoggast. Marbendill svaraði: „Ég var að laga andskjólín fyrir eldhússtrompnum hennar móður minnar. En hleyptu mér nú niður aftur“. Bóndi kvað þess engan kost að sinni, „og skaltu með mér vera“.

Hvað er marbendill?

Hvað var marbendillinn að gera í sjónum?

Hvernig er hægt að hafa eldhússtromp neðansjár?

Af hverju vildi bóndinn ekki sleppa marbendlinum aftur?

Að hundur hans kom á móti honum og flaðraði upp á hann. Bóndi brást illa við og sló hundinn.

Af hverju kom hundurinn flaðrandi upp á bónda?

Af hverju brást bóndi illa við og sló hundinn?

Hvernig haldið þið að hundinum hafi liðið?

Hvernig líður okkur þegar við sláum aðra?

Hvernig líður okkur þegar einhver slær okkur?

Af hverju eigum við ekki að slá hvert annað?

Þá hló marbendill hið þriðja sinn. Bóndi sagði þá við marbendil: „Nú hefur þú hlegið þrisvar sinnum, og er mér forvitni á að vita, af hverju þú hlóst“.

Af hverju fór marbendillinn að hlæja?

Af hverju fór marbendill líka að hlæja þegar bóndi sló hundinn?

Af hverju hlæjum við?

Hvað þykir okkur fyndið?

Hvað gerist þegar við hlæjum?

Bóndi mælti. „Tvo af þeim hlutum, er þú sagðir mér, má ég að vísu ekki reyna að sinni, hvort sannir eru, tryggð hundsins og trúleik konu minnar; en gera skal ég raun á sannsögli þinni, hvort fé er fólgið í þúfunni, og ef reynist, er meiri von, að hitt sé satt hvort tveggja, enda mun ég þá efna loforð mitt“.

Af hverju vill bóndinn vita hvort það sem marbendillinn sagði er satt?

Af hverju getur bóndinn ekki sannað tryggð hundsins og trúleik konu sinnar?

Af hverju telur bóndinn að ef það séu peningar í þúfunni, þá sé hitt líka satt?

Hvað eru sönnunargögn?

Af hverju eigum við ekki að trúa öllu því sem aðrir segja?

Hvernig getum við sannað fyrir hvert öðru að það sem við segjum sé satt?

Hvernig líður okkur ef við segjum satt en enginn trúir því?

Hvernig líður okkur þegar við segjum ósatt?

Hvernig líður okkur þegar það er logið að okkur?

Af hverju segjum við ósatt?

Hvaða loforð gaf bóndi marbendli?

Þóttist hann þá skilja, að kým þessar hefði marbendill sent sér í þakkarskyni fyrir lausn sína.

Af hverju sendi marbendillinn kým á bónda?

Af hverju var marbendillinn þakklátur bóndanum?

Hvað gerði bóndinn við marbendilinn?

Hvað myndum við gera ef einhver fangar okkur?

Hvernig myndi okkur líða ef einhver fangaði okkur og neitaði að sleppa okkur?

Hvernig myndi okkur líða þegar okkur væri sleppt?

Hvað er þakklæti?

Hvenær erum við þakklát?